

## Setberg

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Íbúðarhúsið stendur neðst í túninu, niður við sjávarbakkann, sem þar er allhár og klettóttur. Sunnan við húsið stendur kirkjan. Rétt fyrir norðan er stór flöt, sem kölluð er **Kirkjuflöt** (1), var þar áður kirkjan og kirkjugarður. Norðan við Kirkjuflötina heitir **Helgavöllur** (2), takmarkast hann að vestan af læk en að norðan og austan af túngirðingunni. Sunnan við hann rennur annar smálækur. Suðaustur frá Helgavelli er **Hólavöllur** (3). Eru þar allhár hólur, standa þar fjárhús, sem kölluð eru **Hólavallarhús** (4). Vesturhalli hólanna heitir **Hólavallarkinn** (5). Suður frá Hólavelli er **Garðshornsblettur** (6); var þar býli, er **Garðshorn** (7) hét. Milli Hólavallar og Garðshornsblettis er lækjarfarvegur. Fyrir neðan Hólavöll og vestan Garðshornsblett heitir **Lágihluti** (8), nær hann norður að kirkjunni. Fyrir vestan Kirkjuflötina rennur lækur, sem **Bæjarlækur** (9) heitir. Norðvestan við lækinn er kallað **Holtastaðatún** (10), stóð þar áður hjáleiga, sem hét **Holtastaðir** (11). Þar sem bærinn hefur staðið er nú hesthús. Fyrir norðan túnið er kirkjugarðurinn, að honum liggur túngirðingin.

Fyrir neðan girðinguna gengur laut upp frá sjávarbakkanum og upp að eyðibýli, sem heitir **Stekkjatröð** (12) og er skammt norður frá Setbergstúninu; laut þessi heitir **Draugalág** (13). Milli Spjararár og sjávar myndast nes eða tunga, sem kölluð er **Spjarsnoppa** (14), fremst á henni er forn girðing með mörgum þvergörðum; er girðing þessi líklega fornt sáðland, akur.

Upp í flóanum í austnorður frá Stekkjatröð er holt sem heitir **Bæjarholt** (15). Fyrir ofan Bæjarholtið eru töðugresisbrekkur og lautir, sem nefndar eru **Lækjarlágur** (16). Ofan við þær er stór hóll í suðaustur frá Stekkjatröð sem heitir **Stórhóll** (17), hann er lyngi vaxinn. Fyrir ofan hólinn er dalverpi, sem **Græfur** (18) heitir. Vestan við Græfur eru fyrst lyngi vaxin holt en svo fell, sem heitir **Setberg** (19), snarbratt að vestan með klettum efst. Milli Setbergs og Klakks er lágur háls, sem heitir **Græfnaháls** (20). Austan við Græfur er kölluð **Klakkshlíð** (21). Uppi á fjallinu Klakk er klettabelti, sem heitir **Klofasteinir** (22).

Nokkuð suður frá túninu, suður frá Garðshornsblettinum er stór bungumyndaður grashóll, sem heitir **Sjónarhóll** (23). Suður frá Sjónarhól eru mýrar, sem ná frá Setberginu og niður að bökkunum, inn með Grundarfirði, eru bakkarnir á þessu svæði

kallaðir **Setbergsbakkar** (24); fyrir vestan Setbergið eru lyngi og grasi vaxin holtabörð, sem kölluð eru **Stekkjarbörð** (25).

Fyrir austan mýrarnar eru melholt, sem hallar suður eftir, upp í melholt þessi gengur grasi vaxin laut austan frá veginum, sem **Alfífulaut** (26) heitir.

Nokkuð fyrir austan lautina fellur lækur nafnlaus og enn austar annar, sem **Kaldilækur** (27) heitir, kemur hann norðan úr holtunum, sem eru fyrir sunnan Græfnaháls. Skiptir hann löndum milli Setbergs og Eiðis. Fyrir vestan Kaldalæk er flóasund, sem **Garðshornengi** (28) heitir.

## Stafrófsskrá örnefna

Alfífulaut 26	Holtastaðir 11
Bæjarholt 15	Kaldilækur 27
Bæjarlækur 9	Kirkjuflöt 1
Draugalág 13	Klakkshlíð 21
Garðshorn 7	Klofasteinar 22
Garðshornengi 28	Lágihluti 8
Garðshornsblettur 6	Lækjarlágur 16
Græfnaháls 20	Setberg 19
Græfur 18	Setbergsbakkar 24
Helgavöllur 2	Sjónarhóll 23
Hólavallarhús 4	Spjarsnoppa 14
Hólavallarkinn 5	Stekkjarbörð 25
Hólavöllur 3	Stekkjartröð 12
Holtastaðatún 10	Stórhóll 17